

Sp. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.